

HELGA KRESS

„Óparfar unnustur áttu“

*Um samband fjölkynngi, kvennafars og karlmennsku
í Íslendingasögum*

Fjölunnugri konu
skaltu ekki í faðmi sofa
svo að hún lyki þig liðum.

Hávamál¹

„ÓPARFAR UNNUSTUR ÁTTU,“ segir faðir Þormóðar Kolbrúnarskálds í *Fóstbræðra sögu* við son sinn þar sem hann kemur að honum liggjandi í rúmi sínu, æpandi, limlestum og blindum af völdum kvennagaldurs.² Andstætt fóstbróður sínum, Þorgeiri Hávarssyni, sem er „lítill kvennamaður“ og telur það „svívirðing síns krafts, að hokra að konum“ (128), er Þormóður ákaflega kvensamur og á tvær unnustur, þær Þórdísi í Ögri og Þorbjörgu Kolbrúnu í Arnardal. Báðar eiga þær heima hjá einstæðum mæðrum sínum sem eru ekkjur og heita þeim dæmigerðu galdrakvennanöfnum Gríma og Katla, enda rammgöldróttar. Umhverfið er áhugavert og táknrænt. Það er ekki aðeins að atburðir gerist á þeim samfélagslega jaðri sem Vestfirðir eru í Íslendingasögum, heldur er þessi kvennaheimur sem Þormóður sækir til á ystu mörkum þess samfélags, Ögur á skaga nyrst við sjó og Arnardalur innst í afar afskekktum firði. Miðja þessa samfélags er Laugaból þar sem faðirinn Bersi ræður ríkjum, en móðirin er ekki annað en nafnið tóm. Þarna þykir Þormóði „lögum dauðlegt“ (161), enda er heimilið „fámennt“ (161) og undir föðurlegri stjórn. Hann sækir því mjög burt, og ef ekki í bardaga með fóstbróður sínum, þá á kvennafar.

Eigi skammlaust karlmönnum

Í þeim Íslendingasögum sem gerast á Vestfjörðum er mikið um galdra, og eins og í öðrum Íslendingasögum eru þeir svo til alfarið á sviði kvenna.³ Tölfræðilega dreifast þó nafngreindir galdramenn nokkurn veginn jafnt á kynin. Í sínu mikla riti um galdramenn á Íslandi til forna, *Les magiciens dans l'Islande ancienne*, birtir Francois-Xavier Dillmann lista yfir þá nafngreindu galdramenn sem hann finnur í Íslendingasögum. Alls reynast þeir 62, þar af 33 konur og 29 karlar.⁴ Af þessu dregur hann þá ályktun að galdrar hafi verið iðkaðir af kynjunum til jafns andstætt kenningum fyrri fræðimanna um að galdrar hafi einkum verið á sviði kvenna.⁵ En slík tölfræði er villandi.⁶ Íslendingasögur mora nefnilega í göldrum án þess að þeir eða þær sem þá iðka séu kölluð fjölkunnug eða göldrótt, og á þetta einkum við um konur, ekki síst af höfðingjastétt, sem beita göldrum svo leynt að þeir eru faldir í textanum. Þá breiða frásagnir af göldróttum konum mun meira úr sér og gegna meira hlutverki í atburðarásinni en frásagnir af göldróttum körlum sem oft koma aðeins fyrir sem nöfn.⁷ Einnig ber á það að líta að ef karlar iðka galdur eru þeir ýmist kvengerðir og kallaðir argir og/eða þeir eiga sér göldróttu móður, systur eða fjölskyldu sem þeir tilheyra. Svo er t.a.m. um Vestfirðinginn Þorgrím nef í *Gísla sögu* sem „var fullur af gjörningum og fjölkynngi“⁸ og fremur seið með „allri ergi og skelmisskap“ (56–57). Þá má hér minna á goðsagnarlegan uppruna seiðsins, en í *Ynglinga sögu* segir um Óðin að hann hafi kunnað þá íþrótt „að mestur máttur fylgdi, og framdi sjálfur, er seiður heitir, en af því mátti hann vita örlög manna og óorðna hluti, svo og að gera mönnum bana eða óhamingju eða vanheilindi, svo og að taka frá mönnum vit eða afl og gefa öðrum.“

En þessari fjölkynngi „fylgir svo mikil ergi, að eigi þótti karlmönnum skammlaust við að fara, og var gyðjunum kennd sú íþrótt.“⁹

Flóð í hlíðinni

Systir Þorgríms nef í *Gísla sögu* er Auðbjörg á Annmarkastöðum. Er hún rammgöldrótt og hleypir snjóskriðu á bæ sem verður tólf manns að

bana. Þetta gerist um nótt, í köldu veðri, heiðríkju og logni. Sagt er að „kerling“ fái ekki sofið, svo umhugað er henni að hefna sonar síns sem hafði komið særður heim. Hún fer út, gengur nokkrum sinnum andsælis um húsin, „viðrar í allar áttir og setur upp nasirnar“:

En við þessa hennar meðferð þá tók veðrið að skipast, og gerir á fjúk mikið og eftir það þey, og brestur flóð í hlíðinni, og hleypur snæskriða á bæ Bergs; og fá þar tólf menn bana, og sér enn merki jarðfallsins í dag. (59–60)

Þannig hreyfir hún landið, leysir hlíðina upp og lætur hana flæða. Bæði eru þau systkinin barin grjóti í hel, fyrst Auðbjörg og síðan Þorgrímur „og er dreginn belgur á höfuð honum, og er barður grjóti til bana og er kasaður hjá systur sinni, á hryggnum milli Haukadals og Meðaldals“ (60). Þau eru kösuð á jaðri, á mörkum byggða, í einhvers konar einskismannslandi, utan samfélags. Sama er að segja um galdrafjölskylduna í *Laxdælu*, þau Kotkel og Grímu og syni þeirra Hallbjörn, með viðurnefnið „slíkisteinsauga“, og kvennamanninn Stíganda, en „öll voru þau mjög fjölkunnug og hinir mestu seiðmenn“.¹⁰ Koma þau frá Suðureyjum og setjast að á Vestfjörðum, sem er góður staður fyrir svona fólk. Þegar þau samt flæmast þaðan og í Laxárdal, nær miðju samfélagsins, eru þau elt uppi og drepin. Hafa þau þá seitt til sín yngsta og efnilegasta son höfðingjans Hrúts, en sonurinn Kári er þá tólf vetra, í þann mund að verða karlmaður. Þetta gerist um nótt við bæ Hrúts þegar allir eru þar sofnaðir nema Kári „því að til hans var leikur gerður“ (106). Svo magnaður er seiðurinn að sonurinn óhlýðnast föður sínum, sem „einn kenndi þessi læti“ (106) og hafði bannað mönnum að horfa út um nóttina. Segir sagan að Kári „spratt upp og sá út“ (106). Hann gengur á seiðinn og fellur dauður niður. Faðirinn, sem er orðinn gamall, leitar til bróðursonar síns, héraðshöfðingjans Ólafs Höskuldssonar, og saman stjórna þeir fimmtán manna eftirför að seiðmönnum sem flýja í fjall upp. Verða þau Kotkell og Gríma „áhend á hálsinum milli Haukadals og Laxárdals; voru þau þar barin grjóti í hel, og var þar gerð að þeim dys úr

grjóti, og sér þess merki, og heitir þar Skrattavarði“ (106–107). Þegar Hallbjörn er tekinn er fyrst „dreginn belgur á höfuð honum“ (106) en tekinn aftur af áður en honum er drekkt með stein um hálsinn úti á rúmsjó. Hallbjörn „rak þá skyggjur á landið, og var augnalag hans ekki gott“ (107), enda varð þar „þungbýlt“ (107) eftirleiðis. Hann rekur síðar upp „úr brimi“ og heitir þar „Knarrarnes, sem hann var kasaður“ (109). Stígandi kemst um skeið undan, gerist „útilegumaður“ (108) og fer að halda við ambátt í seli, en hún reynist „óþörf unnusta“ og segir til hans. Í Íslendingasögum er hættulegt fyrir karla að sofa, ekki síst í knjám unnustunnar, og er Stígandi tekinn sofandi og barinn grjóti í hel, „og þar var hann dysjaður“ (109). Áður er dreginn belgur á höfuð honum, en svo klaufalega vill til að á honum er gat sem þeir karlarnir, Ólafur og fylgdarmenn hans, sjá ekki við:

Rauf var á belgnum, og getur Stígandi séð öðrum megin í hlíðina; þar var fagurt landsleg og grasloðið; en því var líkast, sem hvirfilvindur komi að; sneri um jörðunni, svo að aldrei síðan kom þar gras upp. Þar heitir nú á Brennu. (109)

Athyglisvert er að svo mjög tengjast galdrarnir landinu að þeir skilja eftir sig viðvarandi merki í örnefnum.

Svipaða lýsingu á sambandi landslags og augna er að finna í *Vatnsdæla sögu* þar sem segir frá „kerlingunni“ Ljót og syni hennar Hrolleifi, en frásögnin sýnir einnig hvernig galdrar tengjast móður, erfast í kvenlegg. Enginn ræður við Hrolleif fyrir „fjölkynngi móður hans“. ¹¹ Ingimundarsynir gera aðför að þeim mæðginum sem hafa valdið dauða héraðshöfðingjans föður þeirra, gamals og blinds. Þegar þeir ná henni hefur hún „breytilega um búist“ (69) og er henni lýst frá sjónarhorni þeirra:

Hún hafði rekið fötin fram yfir höfuð sér og fór öfug og rétti höfuðið aftur milli fótanna; ófagurlegt var hennar augnabragð, hversu hún gat þeim trölslega skotið. (69–70)

Vegna þess að þeir verða fyrri til að sjá hana en hún þá, virkar galdur hennar ekki, en hún „kvaðst hafa ætlað að snúa þar um landslagi öllu, – ‘en þér ærðust allir og yrðuð að gjalti eftir á vegum úti með villidýrum, og svo myndi og gengið hafa, ef þér hefðuð mig eigi fyrr séð en ég yður’“ (70). Þeir höggva höfuðið af syninum Hrolleifi og eftir það „dó Ljót kerling í móð sínum og trölldómi“ (70).

Orðið tröll er oft notað um galdramenn, og kemur fyrir í ýmsum orðmyndum, eins og tröllskapur og trölldómur, oft skrifað með „o“ í handritum. Orðið er augljóslega skylt sögninni að trylla og vísar til hæfileikans að æra, villa, en einnig töfra og galdra, sbr. danska orðið „trylle“, og um leið til orðsins að seiða í merkingunni að seiða til sín eða heilla, t.a.m. með göldrum. Það er athyglisvert að orðið tröll er einnig notað um skessur sem í Íslendingasögum eru svo til eingöngu kvenkyns og fela í sér ofvaxinn, ógnandi kvenleika. Í samræmi við það er galdrakonum yfirleitt lýst sem miklum vexti.

The most terrifying battle

Í ritgerð sinni „Das Unheimliche“ frá 1919 fjallar Sigmund Freud um geldingaróttu karla sem komi einkum fram í þrennu. Í fyrsta lagi telur hann óttann koma fram í því sem hann kallar „almætti hugsana“ – og tengja má fyrirboðum og spádómum í Íslendingasögum. Í öðru lagi tengir Freud geldingaróttann við ýmiss konar aflímanir og limlestingar á líkama, sem í Íslendingasögum má sjá í endalausum afhausunum, afhöggnum fótum og höndum, og jafnvel þjóhnöppum. Í þriðja lagi kemur geldingaróttinn, samkvæmt Freud, fram í myrkfælni og blindu, því að sjá ekki, þ.e. þokunni eða villunni sem svo mjög einkennir lýsingar á göldrum í Íslendingasögum.¹² Þótt kynferði virðist hér vera grundvallarhugtak hjá Freud sér hann ekki ógnina sem körlum stafar af konum, en það sem karlar óttast mest, segir Hélène Cixous, í ritgerðinni „Castration or Decapitation“, er sú yfirvofandi kastrasjón, eða gelding, sem þeim stafar af líkama kvenna. Samkvæmt Cixous stjórnast hin opinbera menning af óttanum við geldingu. Þessi

geldingarótti er einnig undirliggjandi þáttur í Íslendingasögum þar sem hann kemur fram í mismunandi birtingarmyndum. Ógnin felst ekki aðeins í líkama kvenna og kynferðislegu aðdráttarafli, heldur einnig í tungumáli þeirra, spádómum, slúðri, eggjunum og göldrum, ásamt öflum sem skilgreinast sem kvenleg, svo sem vatnið, veðrið, flæðið.¹³ „The most terrifying battle,“ segir Cixous, „is the battle with women.“¹⁴ Bæði kenningar Freuds og Cixous koma vel heim og saman við nornafræði miðalda, t.a.m. þá frægu bók, *Malleus malificarum*, eða *Nornahamarinn*, frá síðari hluta 15. aldar, þar sem nornagaldurinn beinist mjög að því að gelda karla.¹⁵ Þetta gera nornirnar með því að rugla skynjun þeirra, og þá sérstaklega sjónina og augun. Er áhrifunum þannig lýst (í enskri þýðingu latneska textans): „The sight of the eyes is so fettered that things seem to be other than they are . . . so that the senses then perceive as it were fresh and new images.“¹⁶ Þetta er um leið kjarninn í hinu óhugnanlega hjá Freud, það sem áður er kunnuglegt, „heimlich“, verður ókunnuglegt, „unheimlich“, eða öllu heldur kunnuglegt og ókunnuglegt í senn. Þessar sjónhverfingar nornanna koma m.a. fram í umbreytingum, og þá ekki bara umhverfisins, landslagsins, hlutanna í kring, heldur einnig þeirra sjálfra, þar sem þær taka hamskiptum og bregða sér t.a.m. í ham fagurrar konu, í þeim tilgangi að seiða til sín karla.¹⁷

Sem eldshiti kæmi í hörund hans

Fyrir slíkum seið og sjónhverfingum verður Haraldur konungur hárfagri í sögu sinni þar sem segir frá samskiptum hans við Snæfríði, dóttur Finnans Svása, en hún er jaðarfyrirbrigði bæði vegna kynþáttar og landfræðilegrar staðsetningar. Konungur er á ferð í Upplöndum þar sem Finninn Svási býður honum inn í „gamma sinn“,¹⁸ afbrigðilegan mannabústað, utan miðju samfélagsins. Viðvaranir tilheyra nornaminninu og fylgdarmenn konungs vara hann við. Honum halda hins vegar engin bönd og hann gengur inn:

Þar stóð upp Snæfríður, dóttir Svása, kvinna fríðust, og byr-
aði konungi ker fullt mjaðar, en hann tók allt saman og hönd
hennar, og þegar var sem eldshiti kæmi í hörund hans og
vildi þegar hafa hana á þeirri nótt. (126)

Það fer ekki á milli mála hvað hörund merkir hér, sbr. hörund Hrúts
í *Njálu*, sem verður fyrir þeim álögum af völdum Gunnhildar kon-
ungamóður, ástkonunnar sem hann yfirgefur, að hann má ekki
„hjúskaparfar“ eiga við Unni konu sína.¹⁹ Faðirinn Svási, sem gerir út
á dóttur sína, vill ekki gefa hana konungi nema hann festi sér hana að
lögum, og það gerir hann „og unni svo með ærslum, að ríki sitt og allt
það, er honum byrjaði, þá fyrir lét hann“ (126). Þannig gleymir hann
samfélaginu fyrir þetta mikla kvennafar og missir á því stjórn. Snæ-
fríður deyr en breytist ekki í útliti og „var hún jafnrjóð sem þá, er hún
var kvik“ (126). Konungur situr yfir henni og heldur að hún muni
lífna og fer svo fram „þrjá vetur, að hann syrgði hana dauða, en lands-
lýður allur syrgði hann villtan“ (126). En þá var fenginn „til læknanar“
karlinn Þorleifur spaki „er með viti lögði þá villu“ (126). Telur hann
konungi trú um að það sé ekki sæmandi að Snæfríður liggi of lengi í
sama fatnaði og sé rétt að „hún sé hrærð“ (127) og skipt undir henni
klæðum.

Og þegar er hún var hrærð úr rekkjunni, þá slær ýldu og
óþefani og hvers kyns illum fnyk af líkamanum. Var þá hvat-
að að báli, og var hún brennd. Blánaði áður allur líkaminn,
og ullu úr ormar og eðlur, froskar og pöddur og alls kyns
illyrmi. (127)

Svona er þá líkami galdranornarinnar í eðli sínu og er hann brenndur
á báli eins og gert var við lifandi nornir. „Seig hún svo í ösku, en
konungurinn steig til visku og hugði af heimsku, stýrði síðan ríki sínu
og styrktist, gladdist hann af þegnum sínum og þegnar hans af honum,
en ríkið af hvoru tveggja.“ (127) Fjóra syni sína og „Finnunna“ (127)
rekur hann frá sér „og vildi eigi sjá þá“ (127).²⁰

Þorleifur spaki er það sem í galdrafræðunum kallast „witch-doctor“, eða nornalæknir, en það er sá sem finnur nornina og afhjúpar hana.²¹ Í Íslendingasögum eru nornalæknar valdamiklir karlar, fulltrúar samfélagsins, sem gefa ráð og fara með speki, en speki er í þessum sögum andstæða galdra.

Vopnin deyfð

Einn af þessum nornalæknum er Bersi, faðir Þormóðar Kolbrúnarskálds í *Fóstbræðra sögu*, enda „læknir góður“ (165). Hann sér í gegnum nornirnar í nágreininu og varar son sinn við. En það er eins og Þormóði sé ekki sjálfrátt og konurnar seiði hann til sín og greiði honum leiðirnar með því að stjórna bæði veðri og færð. Fyrst kemur Þormóður sér upp unnustunni Þórdísi, dóttur ekkjunnar Grímu í Ögri, en um Grímu var það mælt „að hún kynni sér margt, og það töluðu menn, að hún væri fjölkunnug“ (161). Venur Þormóður mjög komur sínar í Ögur „og sat löngum á tali við Þórdísi“ og „af hans komum og tali var kastað orði til, að hann myndi fífla Þórdísi“ (161). Grímu líkar þetta ekki þar sem það kemur óorði á Þórdísi og fælir frá biðla. Hún vill því gefa Þormóði dóttur sína, sbr. Svása sem býður Haraldi konungi sína dóttur, en Þormóður neitar. „Eigi er skaplyndi mitt til þess að kvongast“ (161), segir hann og hrökklast heim til sín þar sem hann heldur sig um skeið. En „er vetra tók, þá gerðust íslög mikil og færðir góðar; lagði og Ögursvatn“ (162). Þormóður, sem að vanda þykir „dauflegt“ á Laugabóli því að „fátt var til skemmtunar“ (162), „endurnýjar . . . þá ferðir sínar í Ögur til Þórdísar“ (162), og hefur hann sem jafnan með sér bæði sverð og skjöld.²² Gríma biður hann enn að venja af komur sínar „og firra svo“, segir hún, „dóttur mína ámæli“ (162). En hann hlýðir henni í engu og hún grípur til fjölkynngi sinnar. Eins og fleiri fjölkunnugar konur í Íslendingasögum beitir hún fyrir sig flugumanni, karlinum og þrælum Kolbaki, sem hún sendir til að sitja fyrir Þormóði á leið heim frá Þórdísi og drepa hann. Hún lýkur upp kistu sinni „og tekur þar upp vindur nokkrar og mikið höggsax, fornt

og hvasst og biturlegt“ (162), en þessa að því er virðist ólíku hluti geymir hún á sama stað. Hún færir Kolbaki höggsaxið og vefur garninu um líkama hans, en með það á hann að fara „inn á bæi . . . í vef þann, er þar er ofinn“ (162). Þótt ekki komi það fram í orðum Grímu hvað Kolbakur á að gera annað en fara í sendiferð með spuna í vef skilur hann táknmálið, því að með spuna ráða konur örlögum karla, og hann leggur af stað. Um leið breytist veðrið, það tók „að þykkna og hlána“ (163) og Þórdís sem veldur þessu biður Þormóð að fara aðra leið heim en hann er vanur þar sem ís hafi versnað á vatninu. Eftir nokkurt þjark lofar hann að fara „þá leið, er hún bað“ (163). Það svíkur hann hins vegar þegar til kemur, nennir ekki að taka á sig krók, „og fer hið gegnsta yfir víkina á ísi“ (163).²³ Kolbakur sem hefur falið sig í sauðahúsi hleypur að Þormóði með brugðið saxið og heggur. Höggið kemur á hægri höndina fyrir ofan olnboga „og verður það mikið sár“ (164). Þar sem hægri höndin er orðin honum ónýtt kastar Þormóður skildinum og bregður sverði sínu með þeirri vinstri. Það bítur ekki „því að Kolbakur var svo magnaður af yfirsöngvum Grímu, að hann bitu ekki vopn“ (164). Kolbakur heggur bara þetta eina handarhögg og fer eftir það heim, þykir nóg að gert. Grímu þykir hann hins vegar „of lítið hafa að gert“ og „lét svo sem hún hefði ekki Þormóði svik veitt“ (164). Þannig fara galdrar kvenna fram í leyni og koma ekki nema stundum upp á yfirborð textans. Þormóður bindur um sárið með línbrók sinni, þ.e. nærbuxunum, sem hann ristir í sundur, og staulast heim til föður síns alblóðugur – og berrassaður.²⁴

Með handarhögginu er Þormóður á táknrænan hátt kastreraður, en með hægri hendi halda karlar um sverðið, sem þannig verður myndhverft framhald handarinnar, en sverð er sem kunnugt er viðurkennt fallískt tákn.²⁵ Að vera með sverð er að vera karlmaður, karlmaður án sverðs er kastreraður. Heim kominn kvartar Þormóður við föður sinn, og hann, nornalæknirinn, sér strax að hér hefur Gríma verið að verki og spyr hvort Kolbak hafi ekki bitið járn. „Oft hjó ég til hans með sverðinu,“ segir Þormóður, „og beit ekki heldur en ég berði hann með tálknskíði.“ (164) „Þar kom fram trollskaupur Grímu“ (165), segir Bersi og spáir að erfitt verði að hefna þessarar „sneypu“ (165),

því að „við troll er um að eiga“ (165). Þannig hefur Gríma ekki aðeins kastrað Þormóð með handarhögginu, heldur deyfir hún einnig sverð hans, umbreytir því í mjúkt brjósk úr sjávarskepnu. En í Íslendinga-sögum eru mörg dæmi þess að konur deyfi sverð með göldrum, ef þær þá ekki ræna þeim.

Nornalæknar koma ekki aðeins upp um nornir, heldur eiga þeir einnig að geta læknað þolendur af galdrinum, og Bersi bindur sár sonar síns, „því að hann var læknir góður“ (165). Á næsta þingi er Kolbakur dæmdur sekur skógarmaður fyrir áverkann „er hann hafði unnið á Þormóði“ (167), en með göldrum á galdra ofan tekst Grímu að leyna honum, m.a. með því að bregða yfir hann huliðshjálmi og gera hann ósýnilegan. Með því blindar hún héraðshöfðingjann Bersa sem leitar að Kolbaki en sér ekki neitt, og geldir hann þannig um leið. Síðan kemur hún Kolbaki á skip með bæði mútum og veðurgöldrum. Sár Þormóðar hefst hins vegar illa við, „og lá hann lengi og var jafnan örvhentur síðan, meðan hann lifði“ (167). Geldingin sú reynist því ólæknandi.

Og list honum vel á hana

Eftir að Þormóður kemst loks á fætur þykir honum „jafnan daufllegt, er hann var heima með föður sínum“ (169). Hann ræðst því til ferðar með húskörlum hans að sækja fiska í Bolungarvík. Þeir sigla í fyrstu „gott veður út eftir Ísafirði“ (169). En þegar þeir koma fyrir Arnardal „kom andviðri á móti þeim“ (169) og verða þeir þar „sæhafa“ (169). Þeir kasta akkerum, fara á land og reisa tjald þar sem þeir hafast við um hríð, „því að þeim gaf eigi skjótt í brott“ (170). Síðan segir að Þormóður gangi frá tjaldinu og upp til bæjar þar sem þær búa mæðgurnar Katla og Þorbjörg. Þetta er algjör kvennaheimur, en í stofunni var „ekki inni manna nema konur einar“ (170). Eru þær „vel kátar“ (170) við Þormóð, ánægðar yfir feng sínum, og hjá þeim er hann um daginn. Hann „rennir nokkuð augum til dóttur húsfreyju, og list honum vel á hana“ (170), og er þetta gagnkvæmt því að „hún hefur og nokkuð augabragð á honum“ (170).²⁶ En áður er Þorbjörgu svo lýst að

hún sé „eigi einkar væn“, svört á hár og brún, „útfætt“ og „eigi alllág“ (170). Hún er sem sagt tröllskessuleg, og af útliti sínu fær hún viðurnefnið kolbrún. En um leið er hún „kurteis kona . . . viturleg í ásjónu og vel litkuð, limuð vel og grannvaxin“ (170). Hún er því „blandin mjög“, eins og nornalæknirinn Hrútur kemst að orði um Hallgerði bróðurdóttur sína í *Njálu*,²⁷ og minnir þessi breytilega fegurð á sjónhverfingar nornanna í *Malleus maleficarum* þegar þær vilja seiða til sín karla. Síðan segir að Þormóður venji komur sínar „til húss Kötlu“ (170) og spretti „upp af honum einstaka mansöngsvísur“ (170) og líki konum það vel. Þar kemur að Katla býður honum að vera í Arnardal meðan húskarlarnir fara eftir fiskunum og þiggur hann það þar sem það er „skemmtilegra“ (171) en vera með körlunum. Þeim gefur þá strax byr en Þormóður verður eftir í kvennaheiminum. Svo hrifinn verður hann af Þorbjörgu kolbrúnu að hann yrkir um hana „lofkvæði“ sem hann kallar „Kolbrúnarvísur“ (171). Móðirin Gríma dregur „fingurgull af hendi sér“ (171) og gefur honum „að kvæðislaunum og nafnfesti, því að ég gef þér það nafn, að þú skalt heita Kolbrúnarskáld“ (171–172). Að hálfum mánuði liðnum er Þormóður sóttur af húskörlum. Hann fer með þeim heim á Laugaból „og hafðist heima við“ (172) það sem eftir var sumarsins.

Enn leggur ísa á vötn og gerast leiðir greiðar. „Og er vetra tók og ísa lagði, þá minntist Þormóður þess vinfengis, er honum hafði verið til Þórdísar, dóttur Grímu í Ögri; gerir hann þá heiman för sína og leggur leið í Ögur“ (172). Þær mæðgur sem þannig seiða hann til sín eiga við hann erindi. Sagt er að Gríma hafi tekið við honum „með miklu gleðibragði“ (172), en Þórdís „reigðist nokkuð svo við honum og skaut öxl við Þormóði, sem konur eru jafnan vanar, þá er þeim líkar eigi allt við karla“ (172). Hann gengur á eftir henni og minnir hana á „hið forna vinfengi“ (173), en hún hefur þá frétt að hann hafi fengið sér nýja unnustu og ort um hana lofkvæði. Þormóður vill ekkert viðurkenna en snýr sér út úr vandræðunum með lygi. Segir hann það engu gegna að hann hafi ort kvæði um Þorbjörgu, „en hitt er satt, að ég orti um þig lofkvæði, þá er ég var í Arnardal, því að mér kom í hug, hversu langt var milli fríðleiks þíns og Þorbjargar og svo hið sama

kurteisi“ (173) og sé hann „nú til þess hér kominn, að ég vil nú færa þér kvæðið“ (173). Hann kveður síðan Kolbrúnarvísur og „snýr þeim erindum til lofs við Þórdísi, er mest voru á kveðin orð, að hann hefði um Þorbjörgu ort“ (173). Gefur hann síðan Þórdísi kvæðið „til heilla sátta og heils hugar hennar og ásta við sig“ (173) og tekur hún við Þormóði „með varmri blíðu“ (174). Venur hann síðan komur sínar í Ögur og fær þar góðar viðtökur.

Kveldriður

Í Íslendingasögum er það hættulegt fyrir karla að sofa, enda leggja þeir þá frá sér sverð sín. Sverðin eru þó aldrei fjarri og oft hangandi yfir rúmi þeirra, sbr. t.a.m. sverð Geirmundar gnýs í *Laxdæla sögu* sem Þuríður kona hans rænir frá honum sofandi í hefndarskyni fyrir svik. Sverðlaus, og þannig geltur, getur Geirmundur ekki lifað og hann ferst.²⁸ Eina nóttina þegar Þormóður sefur heima hjá föður sínum á Laugabóli birtist Þorbjörg kolbrún honum í draumi og spyr hvort hann vaki eða sofi. Hann vill ekki viðurkenna að hann sofi, þar sem það er skammarlegt, heldur segist vaka. Þau þræta um þetta, en hún hefur rétt fyrir sér, eins og konur í Íslendingasögum hafa yfirleitt í sennum við karla. Hún segir honum að hann sofi en það sem hún nú leggi á hann muni koma fram þegar hann vakni.

Samband drauma og galdra í Íslendingasögum er athyglisvert og þar fer mikið fyrir draumkonum sem birtast körlum í svefni. Svo er t.a.m. um fyrirferðarmiklar draumkonur Gísla Súrssonar í *Gísla sögu* sem hann dreymir í útlegð sinni í Geirþjófsfirði, en báðar eru þær mjög kynferðislegar. Sú verri hótar honum geldingu með blóðugum limlestingum, en sú betri er blíð við hann og býður honum upp í til sín, í mjúk hægindi.²⁹ Einnig má benda á draumkonu Áns hrísmaga í *Laxdælu* sem er bæði tröllskessa og mannæta.³⁰ Hún birtist honum með skálm og trop, ristir á honum „kviðinn allan og tók á brott inn-yflin og lét koma í staðinn hrís“ (149). Af þessari geldandi aðgerð fær hann viðurnefnið hrísmagi. Karlmennsku sína endurheimtir hann í bardaganum með Kjartani í Svínadal og kemur þá draumkonan aftur,

tekur burt hrísið og skilar innyflunum. Verður honum „gott við það skipti“ (155) en viðurnefninu heldur hann eftir sem áður.

Galdrar kvenna fara fram í myrkri þegar aðrir sofa. Í *Eyrbyggju* er talað um „kveldriðu“, ³¹ en þar limlestir galdrakonan og ekkjan Katla ungan karl, Gunnlaug Þorbjarnarson, fyrir það að hann þýðist hana ekki. Einnig er hún afbrýðisöm út í aðra en eldri galdrakonu sem Gunnlaugur fer oft að hitta, Geirríði í Mávahlíð, en „hann var oft í Mávahlíð og nam kunnáttu að Geirríði Þórólfsdóttur, því að hún var margkunnug“ (28). Að mati Kötlu fer hann hins vegar í Mávahlíð til að „klappa um kerlingar nárann“ (28). Sjálf er Katla „fríð kona sýnum“ (28) og því varasöm, eins og Geirríður líka bendir Gunnlaugi á. Eru „oft flögð í fögru skinni“ (29), segir hún og biður hann að fara ekki heim eitt kvöldið þegar þau hafa talað „löngum um daginn“ (28). Hann fer ekki að ráðum hennar, frekar en Þormóður að ráðum Þórdísar, og kemur við í Holti á heimleiðinni. „Katla var þá komin í rekkju sína“ (29). Hún býður Gunnlaugi að vera, en hann hafnar henni og fer heim. Um nóttina finnur faðirinn son sinn, Gunnlaug, þar sem hann liggur fyrir dyrum úti, „vitlaus“ og „allur blóðrísar um herðarnar, en hlaupið holdið af beinunum“ (29). Er Geirríði í fyrstu kennt um og stefnt „um það, að hún væri kveldriða og hún hefði valdið meini Gunnlaugs“ (29). En Geirríður sem veit hið sanna gerist nornalæknir og afhjúpar Kötlu. Fer hún við fjórtánda mann í Holt þar sem Katla situr á palli og spinnur garn til varnar sér. „Mun Geirríður, trölíð, þar komin,“ segir hún, „og mun þá eigi sjónhverfingum einum mega við koma.“ (53) Þannig getur galdrakona ekki blindað aðra galdrakonu með spuna. Inn komin tekur Geirríður „selbelg, er hún hafði haft með sér, og færði hann á höfuð Kötlu“ (53). Við það missir Katla vald sitt og er barin grjóti í hel. Eru þær Geirríður þar með báðar úr sögunni.

Lítill karl

Erindi Þorbjargar í *Fóstbræðra sögu* er að hóta Þormóði geldingu í hefndarskyni fyrir svikin. Hún spyr hann í draumnum hvort það sé

rétt að hann hafi gefið annarri konu hennar kvæði en því neitar hann. Þorbjörg, sem veit betur, rekur það ofan í hann og segir það satt „að þú hefur mitt lofkvæði gefið Þórdísi Grímudóttur og snúið þeim erindum, er mest voru ákveðin orð, að þú hefðir um mig ort kvæðið, því að þú þorðir eigi, lítill karl, að segja satt til, um hverja konu þú hefðir ort kvæðið“ (174). Segist hún nú munu launa honum „lausung“ hans og „lygi“ með því að hann skuli „nú taka augnaverk mikinn og strangan, svo að bæði augu skulu springa úr höfði þér“ (174–175) og muni hann „aldrei heill verða“ (175) nema hann lýsi því fyrir alþýðu að kvæðið sé til hennar ort. Að svo mæltu gengur hún út og sýnist Þormóði hún vera „reiðileg og mikilúðleg“ (175). Hann vaknar við það „að hann hafði svo mikinn augnaverk, að hann mátti varla þola óæpandi“ (175). Um morguninn kemur faðirinn Bersi að honum máttvana í rúminu og spyr hvort hann sé sjúkur. Þormóður getur ekki sagt frá þessu nema í vísu, þar sem hann m.a. kennir ástand sitt fjölkynngi Þorbjargar: „Þrúður kann margt hin þrúða.“ (176) Það er þá sem faðirinn segir: „Óþarfar unnustur áttu, hlaust af annarri örkuhl þau, er þú verður aldrei heill maður, en nú er eigi minni von, að bæði augu springi úr höfði þér.“ (176) Báðar unnusturnar ráðast, beint eða óbeint, á líkama Þormóðar, limlesta hann og afkarla, hvort tveggja með göldrum, og eftir liggur Þormóður sverðlaus með ónýta hönd, viðþolslaus af augnaverk, óhugnaði blindunnar, sem með tilvísun til Freuds er ein hræðilegasta tegund geldingar. Faðirinn ræður syni sínum að hlýða Þorbjörgu og Þormóður á engra annarra kosta vól. Þegar hann hefur lýst því „fyrir alþýðu, hversu farið hafði um kvæðið“ (176) og gefið Þorbjörgu það aftur „við mörg vitni“ (177) batnar honum „skjótt augnaverkjarins, og verður hann þá alheill þess meins“ (177).³² Hann er orðinn karl að nýju, en ekki nema að hálfu, því að enn er ónýt höndin. Ekki fer heldur miklum sögum af kvennafari hans eftir þetta, og verður hann að færa sig enn utar á samfélagsjaðarinn, alla leið til Grænlands, til að geta stundað það.

Óþarfar unnustur

Þær eru margar óþarfar unnusturnar í Íslendingasögum. T.a.m. ganga þær Guðrún Ósvífursdóttir í *Laxdælu* og Hallgerður langbrók í *Njálu* báðar af unnustum sínum dauðum með vel falinni fjölkynngi og margföldum geldingum þar sem þær bæði hvetja og deyfa, en hvötin, sem ævinlega er lögð konum í munn, felur í sér aðdróttun um karlmennskuleysi, um leið og henni er ætlað að hvetja sverðið. Báðar eru þær Guðrún og Hallgerður þjófar, en þjófnaður og galdrar tengjast mjög í nornafræðunum,³³ þar sem þeir tilheyra sama sviði, enda fer hvort tveggja fram með leynd.³⁴

Guðrún er að spinna meðan Kjartan er drepinn, og hefur áður stolið sverði hans, konungsnaut. Til þess notar hún bróður sinn, Þórólf, sem tekur sverðið af rúmi Kjartans í boði heima hjá honum í Hjarðarholti, laumast með það burt og felur í keldu. Sverðið finnst án umgjardar og dregið upp úr keldunni er það fært Kjartani sem stingur því niður í kistu og „hafði jafnan minni mætur á sverðinu síðan en áður“ (142). Í næsta boði heima hjá þeim sjálfum stela þau Guðrún og bróðir hennar gullofnum motrinum sem Ingibjörg konungssystir hafði gefið Kjartani handa Guðrúnu „að vefja . . . að höfði sér“ (131) en Kjartan hafði í staðinn gefið konu sinni Hrefnu. Þetta er sama fyrirbrigðið og þegar Þormóður gefur kvæði sitt annarri konu en þeirri sem hann hafði ort það til, og báðar endurheimta þær Þorbjörg og Guðrún gjöf sína fyrir eigin atbeina. Þegar Kjartan vænir þá Laugamenn um þjófnað verður Guðrún til svars og segir að þó svo sé „að þeir menn sé hér nokkrir, er ráð hafi til þess sett, að moturinn skyldi hverfa, þá virði ég svo, að þeir hafi að sínu gengið“ (144). Moturinn finnst aldrei og „höfðu margir menn fyrir satt, að Þórólfur hefði brenndan moturinn í eldi að ráði Guðrúnar, systur sinnar“ (144). Guðrún notar eld til að fela verksummerki. Sama gerir Hallgerður þegar hún skipar Melkólfi þræl að kveikja í útibúrinu á Kirkjubæ eftir að þau hafa stolið þar mat. Eldur og galdrar heyra saman, og voru galDRAMENN, hvort heldur þeir voru konur eða kvenlegir karlar, brenndir á báli.³⁵

Theodore M. Andersson telur Hallgerði í *Njálu* eina kvenþjófinn í Íslendingasögum, en hefur á því fyrirvara. Hann segir: „Hallgerðr is, if I am not mistaken, the only female thief in the family sagas.“³⁶ Andersson er „mistaken“, eins og hann grunaði sjálfan, því hann sér ekki Guðrúnu í *Laxdælu*, svo falinn er þjófnadur hennar í textanum. Sverðið konungsnautur sem hún lætur Þórólf bróður sinn stela liggur deigt og grafið, fyrst blautt í keldu og síðan umvafið dúki í kistu, og er því ekki til reiðu þegar Kjartan þarf á því að halda. Í bardaganum í Svínadal verður Kjartani það fyrst fyrir að skjóta spjóti að Þórólfi, sem hann hafði rétt áður kallað „þjófinn“ (151). Spjótið gengur „í gegnum skjöldinn og handlegginn fyrir ofan olnboga og tók þar í sundur aflvöðvann“ (152). Með þessu geldir hann Þórólf „og var honum ónýt höndin um daginn“ (152). Síðan er sagt að Kjartan bregður „sverðinu – og hafði eigi konungsnaut“ (153). Sverðið sem hann er með dugir illa og „brá hann því jafnan undir fót sér“ (153), þ.e. til að rétta það af og herða. En sverðið er deyft, enda í farteski með vaðmáli Þórhöllu málgu, og Kjartan kastar því frá sér. Þar með geldir hann endanlega sjálfan sig og deyr í knjám fóstbróður síns, gegnumstunginn af hinu karlmannlega sverði Fótbít. „Mikil verða hér voðaverkin,“³⁷ segir Guðrún við Bolla þegar hann kemur heim frá því að hafa drepði fyrir hana unnustann, „ég hef spunnið tólf álna garn, en þú hefur vegið Kjartan.“ (154) Með þessu setur hún jafnaðarmerki milli bardaga karla og spuna kvenna. Síðasta verk Kjartans áður en hann ríður suður Svínadal til móts við örlög sín er að sækja vaðmál fyrir Þórhöllu málgu sem henni hafði verið heitið vestur í Hvítadal. Gegnir vaðmálið því tvöfalda hlutverki að vera leiðarlýsing, þ.e. segja til um áfangastaði Kjartans, og að því er virðist að hafa áhrif á vopn hans, en Þórhalla málga hvatti ásamt Guðrúnu mjög til vígsins.

Blandin mjög

Hallgerður langbrók er vestfirsk í móðurætt, komin af galdramönnum á Ströndum. Móðurbróðir hennar – sem hún leitar mjög til – er Svanur á Svanshóli, og er honum þannig lýst:

Maður er nefndur Svanur; hann bjó í Bjarnarfirði, á bæ þeim,
er heitir á Svanshóli; það er norður frá Steingrímsfirði. Svan-
ur var fjölkunnugur mjög; hann var móðurbróðir Hallgerðar.
(32)

Svanur er sérfræðingur í sjónhverfingum, í því að breyta landslagi og
veðri. Þegar Hallgerður hefur með aðstoð Þjóstólfs, flugumanns síns
og fóstura, drepit Þorvald, fyrsta eiginmann sinn, sendir hún Þjóstólf
norður á Strandir til Svans. Faðir Þorvalds sér við þessu og ríður
ásamt liði sínu til Steingrímsfjarðar „og þaðan um hálsinn til Bjarnar-
fjarðar“ (37) í því skyni að sækja banamann sonar síns. Þegar þeir
Svanur verða varir við eftirförina sprettur Þjóstólfur upp „og tók öxi
sína“ (37). Hann ætlar sem sagt að verja sig með vopnum. En Svanur
telur „lítills . . . við þurfa“ (37) og biður Þjóstólf að ganga út með sér.
Þar veifar hann geitskinni um höfuð sér og fer með áhrínsorð í
bundnu máli:

Verði þoka
og verði skrípi
og undur öllum þeim,
er eftir þér sækja. (38)

Þegar þeir eftirleitarmenn ríða á hálsinn „kom þoka mikil í móti
þeim“ (38). Faðirinn, sem gerist nornalæknir um skeið, hefur það á orði
að þessu muni Svanur valda, en það dugir ekki til og ástandið versnar:

Litlu síðar sé sorti mikill fyrir augu þeim, svo að þeir sáu
ekki, og féllu þeir þá af baki og týndu hestunum og gengu í
fen ofan sjálfir, en sumir í skóginn, svo að þeim hélt við
meiðingar; þeir töpuðu af sér vopnunum. (38)

Sjónhverfingarnar koma fram í margföldum geldingarmyndum.
Karlarnir blindast og villast, detta af baki, týna hestunum, ganga í fen
og tapa vopnunum. Áður en þeir snúa endanlega við hafa þessi „hin
sömu undur“ (38) orðið fyrir þeim þrisvar.³⁸

Systurdóttir Svans, Hallgerður, er „mikil vexti, og því var hún langbrók kölluð“ (29).³⁹ Hún er með þjófsaugu strax sem barn, en á það bendir föðurbróðir hennar, nornalæknirinn Hrútur, um leið og hann segist ekki vita hvaðan slík augu séu komin í „ættir vorar“ (7). Á hann þar við ætt þeirra bræðra og gerir auðsjáanlega ekki ráð fyrir að bróðurdóttir hans eigi sér móðurætt. Þannig er móðirin þöggvð í sögunni og er aldrei á hana minnst.⁴⁰ Galdranornir eru einkum hættulegar nágrönnum sínum,⁴¹ og Hallgerður stelur mat af nágrannabænum Kirkjubæ. Til þess notar hún flugumann, þrælinn Melkólf, sem er írskur og því frá svipuðum slóðum og fóstrinn Þjóstólfur. Maturinn sem hún lætur stela er smjör og ostur, en þetta er ekki bara mjólkurmatur og því kvenlegur matur, heldur er ostur matur norna.⁴² Slíkur matur er ekki boðlegur karlmönnum sem kann að skýra heiftarleg viðbrögð Gunnars þegar Hallgerður ber þennan kvenlega og þjófstolna norðamat á borð fyrir hann og gesti hans:

Hallgerður bar mat á borð, og kom innar ostur og smjör.
Gunnar vissi slíks matar þar ekki von og spurði Hallgerði,
hvaðan það kæmi. „Þaðan, sem þú mátt vel eta,“ segir hún,
„enda er það ekki karla að annast um matreiðu.“ Gunnar
reiddist og mælti: „Illa er þá, ef eg em þjófsnautur,“ – og
lýstur hana kinnhest. (123–124)

Samkvæmt siðfræði Íslendingasagna er bannað að leggja hendur á konur nema þá að þær séu göldróttar, og eru seiðkonur og fjölkunnugar konur réttdræpar í því samfélagi sem sögurnar lýsa.⁴³ Gunnar er því í sínum fulla rétti þegar hann lemur konu sína, enda lýsir hann því yfir um leið og við mörg vitni að hún sé þjófur. Þetta er eins konar opinber aftaka.

Hallgerður á frumkvæði að kynnum þeirra Gunnars, þess manns „er vaskastur er á Íslandi“ (91), og hún seiðir hann til sín með miklum líkama sínum jafnt sem hárinu.⁴⁴ Hárið er ekki bara fagurt, heldur svo mikið „að hún mátti hylja sig með“ (29). Föðurbróðir hennar, Hrútur, er nornalæknir, eins og líka Njáll, vinur Gunnars, og báðir sjá þeir í

gegnum Hallgerði og vara Gunnar við. Ráðahagurinn er „girndarráð“ (87), sbr. þau Harald konung og Snæfríði Svásadóttur. Hrútur segir Gunnari „allt um skaplyndi Hallgerðar ófregið“ (87) og reynir að tala um fyrir honum. „Þú ert maður vaskur og vel að þér,“ segir hann, „en hún er blandin mjög.“ (86) Hallgerður er ekki öll þar sem hún er séð. Hún er tröll í bland sem vísar til móðurættarinnar á Ströndum. At-hyglisverð eru orð Njáls sem spáir að af Hallgerði muni „standa allt hið illa, er hún kemur austur hingað“ (87). Hún á að halda sig á galdraslóðunum fyrir vestan.

Fögur er hlíðin

Gunnar neitar ekki aðeins að vera þjófsnautur Hallgerðar, hann neitar líka að vera „eggjanarfífl“ (91) hennar. Því lýsir hann yfir í boði á Bergþórshvoli, einnig í votta viðurvist, þegar hún eggjar hann að hefna þess að hún er þar rekin úr sæti og þar með á táknrænan hátt út á ysta jaðar samfélagsins. „Engin hornkerling vil ég vera“ (91), segir hún og neitar að sitja við borðsendann. Gunnar bregst við með því að kippa henni burt úr boðinu og þannig úr miðju samfélagsins. Hann hafnar henni margsinnis og í sennum þeirra ákallar hún tröllin: „Tröll hafi þína vini“ (92), segir hún. Þessi orð verða að áhrínsorðum, m.a. með brennunni á Bergþórshvoli,⁴⁵ en Hallgerður er ekki bara þjófur og „púta“ (228),⁴⁶ hún er líka brennuvargur, sbr. eldinn sem hún lætur leggja í útibúrið á Kirkjubæ.

Þegar Gunnar er dæmdur útlægur og er að renna Hallgerði úr greipum stöðvar hún hann og snýr honum við með gerningum. Þeir Kolskeggur bróðir hans „ríða fram að Markarfljóti, þá drap hestur Gunnars fæti, og stökk hann úr söðlinum“ (182). Hann dettur af baki eins og þeir eftirreiðarmenn Þjóstólfs í villunni á Ströndum. Síðan segir:

Honum varð litið upp til hlíðarinnar og bæjarins að Hlíðar-
enda og mælti: „Fögur er hlíðin, svo að mér hefur hún aldrei
jafnfögur sýnst, bleikir akrar og slegin tún, og mun ég ríða
heim aftur og fara hvergi.“ (182)

Þetta er breyting á landslagi, sjónhverfingar, hlíðin hefur aldrei sýnst honum jafnfögur. Hún er fyrir honum „a fresh and new image“ eins og segir í *Nornahamrinum*. Slegnu túnin, grasið og heyið eru þræðir eins og spuni, garn og hár, en voðverk og heyverk heyra saman. Þetta kemur m.a. fram í frásögninni af Þórgunnu í *Eyrbyggju* sem í gerningum sínum vinnur til skiptis við voðir og hey. „Þórgunna vann voðverk hvern dag, er eigi var heyverk“ (139), og í sömu lýsingu er það tekið fram að hún „var mikil kona vexti“ og „hærð mjög“ (139). Þegar Gunnar kemur heim verður Hallgerður honum „fegin“ (183), bragð hennar hefur heppnast. Móðirin lagði hins vegar „fátt til“ (183).

Óvinir Gunnars koma að honum sofandi, í svefnlofti með móður sinni og Hallgerði, þar sem hann er umlukinn kvennaheimi. Það er athyglisvert að hann er ekki með sverð, táknmynd karlmennskunnar, heldur aðeins atgeir og boga sem hann berst með til skiptis. Boginn er betri þar sem hann getur með honum skotið óvinina af færi, hann inni og þeir úti. En boginn bregst þegar einn þeirra „heggur í sundur bogastrenginn Gunnars“ (188). Þannig limlestur með sundurhöggvinn bogastreng snýr Gunnar sér til Hallgerðar um aðstoð: „Fá mér leppa tvo úr hári þínu, og snúið þið móðir mín saman til bogastrengs mér.“ (189) Hún spyr eins og ekkert sé hvort honum liggi nokkuð við. „Líf mitt liggur við,“ segir hann, „því að þeir munu mig aldrei fá sóttan, meðan ég kem boganum við.“ (189) Hún neitar að gefa honum hár af höfði sér og minnir hann á kinnhestinn. Gunnar er lengi í fjörbrotunum en þar kemur „að þeir drápu hann“ (190). Svo frækileg er vörn hans að hún „mun . . . uppi, meðan landið er byggt“ (191). Móðir Gunnars kennir Hallgerði um dráp hans, sér í henni réttldræpa nornina og beinir hefndinni að henni. „Hún var svo hörð við Hallgerði, að henni hélt við, að hún myndi drepa hana.“ (192) En Hallgerður er „blandin mjög“. Hún er því ekki bara réttldræp norn, heldur tilheyrir hún einnig samfélaginu, og það verður henni til bjargar. Hún flýr tengdamóðurina og þar með heimili sitt og leitar ásjár dóttur sinnar, þriðja ættliðar í beinan kvenlegg frá systur Svans á Svanshóli.

Gunnar biður hvorki um lokk né lokka úr hári Hallgerðar, eins og

rannsóknasagan vill hafa það.⁴⁷ Hann biður um leppa. Hið mikla og fagra hár Hallgerðar er orðið að leppum, tætingslegu og flóknu hári sem einkennir galdranornir. Lepparnir eru einnig garn, lopi, sem konurnar eiga að snúa, spinna saman í streng. Hið mikla og slegna hár Hallgerðar ætlar Gunnar ekki bara að klippa, heldur einnig að þvinga í form, í þæga fléttu, og umbreyta í vopn. Samkvæmt nornfræðum miðalda fólst vald nornanna í hárinu og ekki hægt að sigra þær svo lengi sem þær héldu því.⁴⁸ Hárskerðing er auk þess viðurkennd táknmynd geldingar,⁴⁹ og Hallgerður sem hefur bæði vald á spuna og hári, neitar að gelda sjálfa sig. Með höggvinn bogastreng hefur Gunnar orðið fyrir geldingu og hann þarfnast aðstoðar frá konu sinni til að reisa sig við. Hún neitar og drepur hann þannig á táknrænan hátt með hárinu sem hún áður seiddi hann með. Hár og hey eru í *Njálu* hliðstæðar myndir, sbr. taðskegglingana sem samkvæmt Hallgerði þurfa að bera mykju í hár sér svo að vaxi.⁵⁰ Í þessu myndmáli hárs og heys flæða sjónhverfingarnar saman, Hallgerður með sitt mikla og fagra hár sem setur sig í sjónmál Gunnars á Þingvöllum og hin fagra hlið með slegnum túnunum sem honum verður litið til og hefur honum aldrei jafnfögur sýnst. Saman verða þessar sjónhverfingar honum að falli, og það er ekki fyrr en með höggvinn bogastreng að af honum bráir og hann sér leppa nornarinnar af Ströndum.

— — —

Og þannig má rekja fall einnar mestu karlhetju Íslendingasagna til Stranda, nánar tiltekið hingað í Bjarnarfjörð.

Tilvitnanir

- ¹ *Eddukvæði* 1998:42. Stafsetningu hér og víðar þar sem vitnað er til fornrita hef ég fært til nútímahorfs, sem og einnig orðmyndir á stöku stað.
- ² *Fóstbræðra saga* 1943:176. Hér og síðar er vitnað til Íslendingasagna í útgáfu Íslenskra fornrita. Í fyrsta sinn sem heimild kemur fyrir er vitnað til hennar og blaðsíðutals neðanmáls, en síðan í sviga fyrir aftan tilvitnun í meginmáli.
- ³ Hér verður ekki gerður greinarmunur á fjölkynngi, gerningum, galdri og seið þar sem þessi orð tilheyra öll sama merkingarsviði og eru að mestu notuð yfir sama fyrirbrigðið í heimildum.
- ⁴ Dillmann 2006:145–155. Útgáfan er byggð á doktorsritgerð hans frá 1986.

- ⁵ Sjá t.a.m. bls. 157 í riti hans þar sem segir: „Cette répartition presque égale des compétences magiques entre les hommes et les femmes de l’Islande ancienne apporte un démenti aux affirmations trop générales, trop péremptoires aussi, de théoriciens comme Marcel Mauss et Henri Hubert, selon lesquels les femmes auraient été ‘reconnues partout comme plus aptes à la magie que les hommes’, affirmations que l’on rencontre également, avec plus ou moins de nuances, sous la plume de bons connaisseurs de l’ancienne religion scandinave et de la littérature norroise, p.ex. Jan de Vries ou Klaus Düwel.“
- ⁶ Sbr. einnig svipaða tölfraði í grein þeirra Gísli Pálssonar og Astrid E. J. Ogilvie, „Weather and Witchcraft in the Sagas of Icelanders“, en þau telja 39 nafngreinda galdrakarla í Íslendingasögum og 38 nafngreindar galdrakonur. Af þessu leiðir að þau taka ekki breytuna kyn með í umfjöllun sína. Gísli Pálsson og Astrid E. J. Ogilvie 2006:735 o.áfr. Í fyrri grein um svipað efni taka þau reyndar fram að „making weather . . . was often seen as women’s business“ og benda á eitt dæmi um það. Gísli Pálsson og Astrid E. J. Ogilvie 2003:266.
- ⁷ Þannig telur Jenny Jochens átta galdrakarla og átján galdrakonur sem einhverjar sögur fara af. Karlana telur hún vera síðar tilkomna og áhrifaminni en konurnar en greinir það ekki frekar. Jochens 1996:124.
- ⁸ *Gísli saga Súrssonar* 1943:37.
- ⁹ *Heimskringla* I 1941:19. Um hugtakið „ergi“ (og lo. „argur“) í Íslendingasögum og mismunandi merkingu þess eftir því um hvort kynið er að ræða, sjá grein mína, „‘Ekki höfu vér kvennaskap’: Nokkrar laustengdar athuganir um karlmennsku og kvenhatur í Njálu.“ Helga Kress 1977:298 o.áfr. Endurpr. í Helga Kress 1996.
- ¹⁰ *Laxdæla saga* 1934:95.
- ¹¹ *Vatnsdæla saga* 1939:53.
- ¹² Stuðst er við íslenska þýðingu Sigurjóns Björnssonar á ritgerð Freuds, undir nafninu „Hið óhugnanlega.“ Sjá Freud 2004. Beina tilvitnunin er á bls. 218.
- ¹³ Um tengsl slúðurs, flæðis og kvenna í Íslendingasögum, sjá Helga Kress 1991a: 130–132. Endurpr. í Helga Kress 1996. Sjá einnig Helga Kress 1997.
- ¹⁴ Hélène Cixous 1988:43.
- ¹⁵ Höfundur ritsins, Heinrich Kramer, tekur það þó ítrekað fram, á svipaðan hátt og Freud, að geldingin sé táknræn, og aðeins til í ímyndun karlanna sem hafi orðið fyrir „prestigium“, þ.e. skynvillu, og þannig takist nornunum ekki að gelda karlana í alvöru. Þetta er einkum til umræðu í fyrsta hluta bókarinnar, níunda kafla, sem ber heitið „Whether witches may work some prestigatory illusions so that the male organ appears to be entirely removed and separate from the body.“ Sbr. *Malleus maleficarum* 1971:132. Þessu svarar höfundur svo:

There is no doubt that certain witches can do marvelous things with regard to male organs, for this agrees with what has been seen and heard by many, and with the general account of what has been known concerning that member through the senses of sight and touch. And as to how this thing is possible it is to be said that it can be done in two ways, either actually and in fact . . . or through some prestige or glamour. But when it is performed by witches, it is only a matter of glamour, although it is no illusion in the opinion of the sufferer. *Malleus maleficarum* 1971:132–133.

- ¹⁶ *Malleus maleficarum* 1971:133–134. Sjá einnig Stephens 2002:305–306.
- ¹⁷ Þannig rugla þær „the organ of sight, so that a clear thing seems hazy, or the converse, or when an old woman appears to be a young girl“. *Malleus maleficarum* 1971:133–134.
- ¹⁸ *Heimskringla* I 1941:126.
- ¹⁹ *Brennu-Njáls saga* 1954:24. Í öllum prentuðum útgáfum sögunnar, sem flestar fara eftir elsta varðveitta handriti hennar, Reykjabók, felst getuleysi Hrúts í því að hörund hans verður „svo mikið“, þ.e. limur hans of stór. Í greininni „Mikið eða mjúkt“ bendir Árni Björnsson á það með sannfærandi rökum að hér kunni að vera um mislestur að ræða og hafi handritaskrifari á einhverju stigi varðveislunnar lesið orðið „mikit“ úr orðinu „miukt“ sem staðið hafi í frumgerð. Árni Björnsson 1994: 10–12. Galdrar Gunnhildar gera því hörund Hrúts mjúkt í staðinn fyrir mikið. Þetta er augljós geldingarmynd þar sem sverð eru deyfð og limir slappast.
- ²⁰ Hann tekur þá reyndar síðar í sátt fyrir orð skáldsins Þjóðólfs úr Hvini sem notar tækifærið þegar konungur er drukinn í veislu og biður „að hann skyldi eigi fyrir líta sonu sína – , því að fúsir væru þeir að eiga betra móðerni, ef þú hefðir þeim það fengið“. *Heimskringla* I 1941:128.
- ²¹ Um nornalækna og hlutverk þeirra, sjá Robin Briggs 2002:59, 149–151. „Witch-doctors“ voru einnig kallaðir „Witch-finders“, sbr. Briggs 2002:161–162, eða „Hexen-Finder“, sbr. Wolfgang Behringer 2002:18.
- ²² Við ferðir Þormóðar gera útgefendur sögunnar í *Íslenskum fornritum* þá raunsæislegu athugasemd að Ögursvatn sé lítið vatn og hefði það engu máli skipt fyrir hann hvort það var á ísi eða ekki. Þeir segja: „Það virðist mjög fast í huga söguritarans, að ísalög hafi greitt mjög ferðir Þormóðar í Ögur, og getur ekki annað valdið því en ónógur kunnugleiki á staðháttum.“ *Fóstbræðra saga* 1941:162 nm.
- ²³ Þórdís talar reyndar um „vík“ sem skv. textanum virðist vera það sama og áður er nefnt Ögursvatn. Við þessa leiðarlýsingu yfir eða fyrir vatnið/víkina gera útgefendur sögunnar aftur athugasemd, án þess þó að nefna vandamálið með Ögursvatn í neðanmálsgreininni á undan: „Það er auðsætt af þessum orðum og af viðræðu þeirra Þórdísar og Þormóðar, að söguritarinn hyggur það beinustu leið fyrir Þormóð að fara yfir *Ögursvík* og því hafi ísalögin greitt ferðir hans í Ögur. En þetta er fullkominn misskilningur. Ís á Ögursvík myndi ekki stytta öðrum leið en þeim, sem kæmi af nesinu fyrir vestan víkina. Hins vegar myndi maður, sem ætlaði úr Ögri inn að Laugabóli, gera sér töluverðan krók með því að ganga niður á víkina . . .“. *Fóstbræðra saga* 1941:163 nm.
- ²⁴ Við þessa frásögn gera útgefendur sögunnar þá athugasemd neðanmáls að hér viti söguritari nokkurn veginn vegalengdina milli Ögurs og Laugabóls, „en það mun vera um tveggja tíma ferð fyrir ganganda mann“. *Fóstbræðra saga* 1941:164 nm.
- ²⁵ Í riti sínu *Traumdeutung* frá árinu 1900 víkur Sigmund Freud að þessu og segir (í enskri þýðingu): „It is quite unmistakable that all weapons and tools are used as symbols for the male organ: e.g. ploughshare, hammer, gun, revolver, dagger, sword, etc.“ Freud 1997:234–235.
- ²⁶ Um „fallískt augnaráð“ í Íslendingasögum þar sem m.a. er fjallað um þessa frásögn, sjá grein mína „Gægur er þér í augum“. Konur í sjónmáli Íslendingasagna.“ Helga Kress 1991b. Endurpr. í Helga Kress 1996.

- ²⁷ *Brennu-Njáls saga* 1954:86.
- ²⁸ Um nánari umfjöllun þessarar frásagnar, sjá Helga Kress 1993:144–145.
- ²⁹ *Gísla saga Súrssonar* 1941: 70–73, 75–77, 94–109.
- ³⁰ Sbr. einnig tröllskessuna sem Grettir berst við í *Grettis sögu*, en hún er bæði með skálm og trog. *Grettis saga Asmundarsonar* 1936:212.
- ³¹ *Eyrbyggja saga* 1935:29.
- ³² Í *Vatnsdæla sögu* heftir draumkona ferðir Þorsteins Ingimundarsonar til fjölkunnugrar ástkonu sinnar með því að taka „á augum hans“ (95). Hann þorir því ekki að þiggja boð ástkonunnar í mikla veislu en „kvaðst vera sjúkur“ (96). Við þessu bregst hún með því að hleypa skriðu á eigin bæ. „Þann aftan, þá er sól var undir gengin, sá sauðamaður Gró, að hún gekk út og gekk andsælis um hús sín . . . Hún horfði upp í fjallið og veifaði giska eða dúki, þeim er hún hafði knýtt í gull mikið, er hún átti, og mælti: ‘Fari nú hvað sem búið er.’ Síðan gekk hún inn og lauk aftur hurðu. Þá hljóp aurskriða á bæinn, og dóu allir menn.“ (96) Lýsingin minnir á frásögn *Fóstbræðra sögu* af Auðbjörgu systur Þorgríms nef, en einnig hún hleypir á flóði í hlíð.
- ³³ Í *Malleus maleficarum* er sagt frá norðum sem stela og safna getnaðarlimum karla: And what, then, is to be thought of those witches who in this way sometimes collect male organs in great numbers, as many as twenty or thirty members together, and put them in a bird's nest, or shut them up in a box, where they move themselves like living members, and eat oats and corn, as has been seen by many and is a matter of common report? . . . For a certain man tells that, when he had lost his member, he approached a known witch to ask her to restore it to him. She told the afflicted man to climb a certain tree, and that he might take which he liked out of the nest in which there were several members. And when he tried to take a big one, the witch said: You must not take that one; adding, because it belongs to a parish priest. *Malleus maleficarum* 1971: 249.
- Sjá einnig Walter Stephens 2002:300–321.
- ³⁴ Af fjölkunnugum þjófum í Íslendingasögum má nefna þau Kotkel og Grímu og syni þeirra í *Laxdælu* sem gera mönnum „óvært í fjárránum og fjölkynngi“ (98) og er fyrir það stefnt „um þjófnað og fjölkynngi“ (99). Í *Vatnsdæla sögu* segir frá Þórólfi sleggju sem er bæði „þjófur og þó um annað stórilla fallinn“ (72), hefur frá „mörgum stolið“ og „gert svo margt ómannlegt annað“ (73). Á hann tuttugu svarta og tryllta ketti sem hann magnar til galdra. Eins og kerlingin Ljót í sömu sögu verða þeir „þá stórum illilegir með emjun og augnaskotum“ (74). Um nánari umfjöllun um tengsl þjófnaðar, galdra og ergi í Íslendingasögum, sjá Theodore M. Andersson 1997:498 o.áfr. Niðurstaða hans er sú að í þessum sögum sé þjófurinn „typically pictured as an outsider, a sorcerer, and a sexual deviant“ (502).
- ³⁵ Seiðmenn, eins og t.a.m. Stígandi í *Laxdælu*, brenna með augunum og þeir eru líka brenndir. Í *Heimskringlu* segir frá Rögnvaldi réttilbeina, yngsta syni þeirra Haralds hárfagra og Snæfríðar Svásadóttur, að hann „nam fjölkynngi og gerðist seiðmaður“ (138). Sver hann sig þar í móðurætt, en Haraldur konungi „þóttu illir seiðmenn“ (138). Hann sendir því Eirík blóðöx, son sinn og Ragnhildar ríku, konungs dóttur af Jótlandi, til Upplanda, þar sem hann hafði gefið Rögnvaldi land í heimabyggð

móður hans og móðurafa. Eiríkur blóðöx kemur þar á bæ og gerir sér lítið fyrir: „Hann brenndi inni Rögnvald, bróður sinn, með átta tigu seiðmanna, og var það verk lofað mjög.“ (139) Sonur seiðkonunnar er brenndur eins og líkami móður hans áður.

³⁶ Theodore M. Andersson 1984:504.

³⁷ Hér er farið eftir leshætti Ólafs Halldórssonar á orðum Guðrúnar. Ólafur Halldórsson 1973:125–128. Í útgáfu sögunnar í *Íslenskum fornritum* ber Guðrún hins vegar saman misjöfn „morgunverk“ (154) þeirra Bolla.

³⁸ Um þessa villu á Bjarnarfjarðarhálsi vitnar útgefandi sögunnar í *Íslenskum fornritum* til Guðbrands Vígfússonar sem í riti sínu frá 1922 um aldur *Njálu* hefur eftirfarandi eftir staðkunnugum: „Torfi á Kleifum sagði, að Svanur hefði ekki þurft að vera galdramaður, því slíkt væri þar mjög eðlilegt á þeim hálsi að villast.“ *Brennu-Njáls saga* 1954:38 nm. Enginn þeirra þriggja virðist sem sagt trú á galdra!

³⁹ Þetta er skýring sögunnar á viðurnefni Hallgerðar. Sennilegra er þó að orðið brók sé annaðhvort misritun eða mislestur á orðinu brok og vísi til hárs Hallgerðar sem er hennar aðaleinkenni, en brok merkir í staðbundnu málfari „ljóst, hrokkið konuhár“, sbr. *Íslensk orðabók* 2002:174. Brók í merkingunni buxur kemur aldrei fyrir í sögunni í sambandi við Hallgerði, né gerir sagan neitt úr því líkamssvæði sem brækur klæða. Aftur á móti fylgir hárið lýsingu Hallgerðar frá upphafi til enda þar sem það fyllir upp í mynd hennar sem galdranornar.

⁴⁰ Móðirin, Jörunn Bjarnardóttir, kemur aftur á móti fyrir í *Laxdælu* og er þar kynnt sem „væn kona og ofláti mikill“, „skörungur mikill í vitsmunum“ (16) og „kostur bestur í öllum Vestfjörðum“ (17). Þá er hún „vitur og vel að sér og margs vel kunnandi og heldur skapstór jafnan“ (18).

⁴¹ Um þetta fjallar m.a. bókin með titlinum *Witches and Neighbours*, þ.e. nornir og nágrannar. Sjá Robin Briggs 2002.

⁴² Sbr. Caroline Oates 2003:205 o.áfr. Um kynferði matar og mjólkurmat sem kvenlegan mat, sjá Elisabeth L'Orange Fürst 1995:269–310.

⁴³ Sbr. Helga Kress 1993:50.

⁴⁴ Um nánari umfjöllun, sjá Helga Kress 2007.

⁴⁵ Um upptök brennunnar í dyngju Hallgerðar, sjá Helga Kress 1991a:139–143. Endurpr. í Helga Kress 1996.

⁴⁶ Um lauslæti norna, sjá m.a. kaflann „The Lascivious Witch“ í riti Katherine Morris 1991:129–153.

⁴⁷ Sjá t.a.m. nafnaskrá sögunnar í *Íslenskum fornritum*, en þar segir með tilvísan til Hallgerðar: „...neitar Gunnari um lokkinn.“ *Brennu-Njáls saga* 1954:496.

⁴⁸ Sbr. t.a.m. James Frazer í *The Golden Bough* þar sem segir: „Here in Europe it used to be thought that the malicious powers of witches and wizards resided in the hair, and that nothing could make any impression on these miscreants so long as they kept their hair on.“ Frazer 1993:680.

⁴⁹ Sjá m.a. Simon Coates 1999:7–13.

⁵⁰ Sbr. einnig William Sayers 1994:5–31.

Heimildir

- Andersson, Theodore M. 1984. The Thief in Beowulf. *Speculum* 3.
- Árni Björnsson. 1994. Mikið eða mjúkt. *Gullastokkur færður Gunnlaugi Ingólfssyni fimmtugum 4. desember 1994*. Ritstj. Jón G. Friðjónsson, Sigurborg Hilmarsdóttir og Veturliði Óskarsson. Reykjavík: [höf.].
- Behringer, Wolfgang. 2002. *Hexen. Glaube. Verfolgung. Vermarktung*. 3. durchgesehene Auflage. München: Verlag C. H. Beck.
- Brennu-Njáls saga*. 1954. Íslenzk fornrit XII. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Briggs, Robin. 2002. *Witches and Neighbours. The Social and Cultural Context of European Witchcraft*. Second edition. Oxford: Blackwell.
- Cixous, Hélène. 1988. Castration or Decapitation. *Signs* 1.
- Coates, Simon. 1999. Scissors or Sword. *The Symbolism of Medieval Hair-cut. History Today*. May.
- Dillmann, Francois-Xavier. 2006. *Les magiciens dans l'Islande ancienne. Études sur la représentation de la magie islandaise et de ses agents dans les sources littéraires norroises*. Uppsala.
- Eddukvæði*. 1998. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning.
- Eyrbyggja saga*. 1935. Íslenzk fornrit IV. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Fóstbræðra saga*. 1943. Íslenzk fornrit VI. Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Frazer, James. 1993. *The Golden Bough. A Study in Magic and Religion*. London: Wordsworth Editions.
- Freud, Sigmund. 2004. Hið óhugnanlega. *Listir og listamenn*. Sigurjón Björnsson þýddi. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Freud, Sigmund. 1997. *The Interpretation of Dreams*. Þýð. A. A. Brill. London: Wordsworth Editions.
- Fürst, Elisabeth L'Orange. 1995. *Mat – Et annet språk. Rasjonalitet, kropp og kvinnelighet*. Oslo: Pax forlag.
- Gísla saga Súrssonar*. 1943. Íslenzk fornrit VI. Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Gísli Pálsson, sjá Ogilvie, Astrid.
- Grettis saga Ásmundarsonar*. 1936. Íslenzk fornrit VII. Guðni Jónsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Heimskringla* I. Íslenzk fornrit XXVI. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

- Helga Kress. 1979. „Ekki höfu vér kvennaskap“: Nokkrar laustengdar athuganir um karlmennsku og kvenhatur í Njálu. *Sjöttíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977*. Ritstj. Einar G. Pétursson og Jónas Kristjánsson. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar. Endurpr. í Helga Kress 1996.
- Helga Kress. 1991a. Staðlausir stafir: Slúður sem uppspretta frásagnar í Íslendingasögum. *Skírnir*, vor. Endurpr. í Helga Kress 1996.
- Helga Kress. 1991b. „Gægur er þér í augum“: Konur í sjónmáli Íslendingasagna. *Yfir Íslandsála: Afmælisrit til heiðurs Magnúsi Stefánssyni sextugum 25. desember 1991*. Ritstj. Gunnar Karlsson og Helgi Þorláksson. Reykjavík: Háskólaútgáfan. Endurpr. í Helga Kress 1996.
- Helga Kress. 1993. *Máttugar meyar: Íslensk fornbókmenntasaga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helga Kress. 1996. *Fyrir dyrum föstru. Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornbókmenntum*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum.
- Helga Kress. 1997. Haf og skegg. Flæði í *Laxdælu*. *Milli himins og jarðar: Maður, guð, menning í bnotskurn hugvísinda*. Erindi flutt á hugvísindafingi guðfræðideildar og heimspekideildar 18. og 19. október 1996. Ritstj. Anna Agnarsdóttir, Pétur Pétursson og Torfi H. Tulinius. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helga Kress. 2007. „Fá mér leppa tvo“: Nokkur orð um Hallgerði og hárið. *Torfbildur*.
- Íslensk orðabók. 2002. Ritstj. Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.
- Jochens, Jenny. 1996. *Old Norse Images of Women*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Kramer, Heinrich, og Sprenger, James. 1971. *Malleus maleficarum*. Þýð. Montague Summers. Mineola, New York: Dover Publications.
- Laxdæla saga*. 1934. Íslensk fornrit V. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Malleus maleficarum*. Sjá Kramer, Heinrich, og Sprenger, James.
- Morris, Katherine. 1991. *Sorceress or Witch: The Image of Gender in Medieval Iceland and Northern Europe*. Lanham, New York, London: University Press of America.
- Oates, Caroline. 2003. Cheese Gives you Nightmares: Old Hags and Heartburn. *Folklore* 2.
- Ogilvie, Astrid E. J. og Gísli Pálsson. 2003. Mood, Magic, and Metaphor: Allusions to Weather and Climate in the Sagas of Icelanders. *Weather*,

- Climate, Culture*. Ritstj. Sara Strauss og Benjamin S. Orlove. Oxford, New York: Berg Publications.
- Ogilvie, Astrid E. J. og Gísli Pálsson. 2006. Weather and Witchcraft in the Sagas of Icelanders. *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature, Sagas and the British Isles. Preprint Papers of The 13th International Saga Conference*. Durham and York, 6th–12th August 2006. Volume II. Ritstj. John McKinnell, David Ashburst og Donata Kick. Durham: The Centre for Medieval and Renaissance Studies, Durham University.
- Ólafur Halldórsson. 1973. Morgunverk Guðrúnar Ósvífursdóttur. *Skírnir*.
- Sayers, William. 1994. Njáll's Beard, Hallgerðr's Hair and Gunnarr's Hay: Homological Patterning in Njáls saga. *Tijdschrift voor Skandinavistiek* 2.
- Stephens, Walter. 2002. *Demon Lovers: Witchcraft, Sex and the Crisis of Belief*. Chicago: University of Chicago Press.
- Vatnsdæla saga*. 1939. Íslensk fornrit VIII. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

HELGA KRESS

“Unhelpful, these Women of Yours”
On the Relationship between Masculinity, Witchcraft
and Womanizing and in the Sagas of Icelanders
– Summary –

The title, “Unhelpful these women of yours,” is the ironic remark made by the father Bessi in *Fóstbræðra saga* (The Saga of the Sworn Brothers) when he finds his son, Þormóðr, lying flat in bed, screaming, crippled and blind---i.e. symbolically castrated---by a female sorcery. *Fóstbræðra saga* takes place in the isolated West Fjords, which, according to the sagas, is a good place for this kind of female activity, more often than not aimed at men’s sexuality and masculine strength. Witchcraft is the driving force behind many of the Icelandic sagas, and it belongs to the domain of women. Whenever it is a man, as it happens, who is associated with witchcraft, he is either feminized and called *argr* (sexually perverse), or he has a sorcerous mother or sister. The sagas abound with women who have the characteristics of witches, although not identified as such. This is particularly the case with women in the upper layers of society who practice witchcraft so secretly that it is concealed in the text. The most striking example is Hallgerðr in *Njáls saga* (Njal’s Saga), one of the most important female characters in the sagas. Originating on her mother’s side from the district of Strandir in the West Fjords, she is the niece of the sorcerer Svanr in Bjarnarfjörðr. With her beautiful, glowing, abundant (and wizardous) hair Hallgerðr seduces the male hero, Gunnar, the most valiant man in all Iceland, and finally causes his death.

helga@hi.is